

Nr. 8.
30.
júni.

Auglýsing

um

samning milli Danmerkur og Þýzkalands um að ríkin skuli veita nauðstöddum sjómönnum hvors annars hjálp í einstökum tilfellum.

Í stjórnarráði utanríkismálanna hefur 31. marz þ. á. verið ritað undir svofelldan samning:

Það hefur þótt við eiga að koma á samningi millum konungsríkisins Danmerkur og hins Þýzka ríkis um að veita nauðstöddum sjómönnum úr ríkjum þessum hjálp í einstökum tilfellum, og hafa því undirritaðir, eptir að þeir höfðu fengið tilhlýðilegt umboð til þess, gjört svofelldan samning:

Þá er sjómaður úr öðru samningsríkinu hefur haft þjónustu á skipi frá hinu samningsríkinu, og verður síðan eptir hjálparlaus fyrir skipbrot eða aðrar orsakir í einhverju landi, öðru en ríkjum þessum, eða í nýlendum þess, eður í nýlendum þess lands, er skipið ber flagg sitt frá, þá er stjórnin í ríki því, er flagg á skipsins, skyld til þess að liðsinna sjómanni þessum, þangað til hann ræður sig aptur á skip eður fær aðra atvinnu eður kemur aptur til föðurlands síns eða deyr.

Þó er ráð fyrir gert, að sjómaður sá, er svo er á statt fyrir, sem áður er sagt, eigi að nota fyrsta tækifæri, er býðst, til þess að færa sönnur á um neyð sína og orsakir, er valdið hafa, fyrir hlutaðeigandi yfirvöldum fyrir ríki því, er styrks er leitað hjá. Auk þess á hann að sýna fram á, að neyð þessi eigi eðlilega rót sína í því, að þjónustu hans á skipinu var lokið. Að öðrum kosti hverfur liðsinnisskyldan.

Þessi skylda hverfur og þá, er sjómaðurinn hefur strokið af skipinu eður verið rekinn frá því fyrir afbrot eður hann hefur farið frá því fyrir því, að hann hefur orðið óhæfur til þjónustu vegna sjúknaðar eður sára, er hann hefur bakað sjer sjálfur.

Styrkurinn nær til viðurværis, fata, læknishjálpar, lyfja, ferðakostnaðar og til greptrunarkostnaðar, ef hinn hjálparþurfi deyr.

Nr. 8. Augl. 30. júni um samn. milli Danm. og Þýzkal. um að veita hjálp nauðst. sjómönnum.

Bekjendtgjørelse

Nr. 8.
30te
Juni.

angaaende

en mellem Danmark og Tydskland affluttet Deklaration om gjensidig
Understøttelse i visse Tilfælde af trængende Søfolk.

Den 31te Marts d. A. er der i Udenrigsministeriet blevet undertegnet følgende Deklaration:

Da det er anset for hensigtsmæssigt, at der træffes en Overenskomst mellem Kongeriget Danmark og det tydske Rige om Understøttelse i visse Tilfælde af nødlidende Søfolk fra de respektive Lande, have Undertegnede, efter dertil at være forsynede med fornøden Bemyndigelse, truffet følgende Aftale:

Naar en Sømand fra den ene af de kontraherende Stater, efterat have tjent ombord i et Skib fra den anden af de kontraherende Stater, bliver ladet tilbage i hjælpeløs Tilstand i et tredie Land eller i dette Lands Kolonier, eller i det Lands Kolonier, hvis Flag Skibet fører, som Folge af Skibbrud eller af andre Grunde, saa skal den Stats Regjering, hvis Flag Skibet fører, være forpligtet til at understøtte denne Sømand, indtil han atter tager Hyre eller finder andet Erhverv eller kommer tilbage til sit Fødeland eller dør.

Det er dog herved en Forudsætning, at den Sømand, som befinder sig i den ovenangivne Stilling, bør benytte den første Leilighed, der tilbydes sig, til for vedkommende Myndigheder for den Stat, hvis Understøttelse begjæres, at godtgjøre sin hjælpeløse Forfatning og de Aarsager, hvorved den er foranlediget. Han har desuden at paavise, at denne hjælpeløse Tilstand er en naturlig Folge af, at hans Tjenesteforhold ombord paa Skibet er ophørt. I modsat Fald bortfalder Understøttelsespligten.

Denne Pligt bortfalder ligeledes, naar Sømanden er rømt eller er bleven afflediget fra Skibet paa Grund af en Forbrydelse (Verbrechen oder Vergehen) eller har forladt dette som Folge af Uduelighed til Tjenesten, forarsaget ved selvforskyldt Sygdom eller Saar.

Understøttelsen omfatter Ophold, Klæder, Sægehjælp, Medicin, Reiseomkostninger og, hvis han dør, Begravelsesomkostninger.

Nr. 8. Bekj. af 30. Juni ang. en mell. Danm. og Tydskland affl. Deklarat. om gjens. Underst. af træng. Søfolk.

Nr. 8. Samningur þessi öðlast gildi 1. júlí þ. á., og heldur áfram að vera í gildi þangað
 30. júní. til annar hvor semjanda með árs uppsagnarfresti lætur þá ósk í ljósi, að hann skuli úr
 gildi falla.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir gefið samning þenna út og sett á hann
 innsigli sín.

Samið í Kaupmannahöfn og gefið út í tvennu lagi þann 31. marz 1885.

(L. S.) O. D. Rosenørn-Lehn.

(L. S.) G. Gaertner.

Þetta gjörist hjermeð öllum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 30. júní 1885.

J. Nellemann.

A. Dybdal.

Nærværende Aftale skal træde i Kraft den 1ste Juli d. A. og forblive i Virksomhed, Nr. 8.
 indtil en af de kontraherende Parter med et Mars Dpfølge tilkjendegiver Dnsket om, at ^{30te}
 den skal træde ud af Kraft. Juni.

Til Bekræftelse heraf have de Undertegnede udfærdiget nærværende Overenskomst
 og paatrykt den deres Segl.

Saaledes sket i Kjøbenhavn i dobbelt Udfærdigelse, den 31te Mars 1885.

(L. S.) D. D. Rosenorn-Lehn.

(L. S.) G. Gaertner.

Skilket herved bringes til offentlig Kundskab.

Ministeriet for Island, den 30te Juni 1885.

J. Nellemann.

A. Dybdal.